

Ár 2015, fimmtudaginn 7. maí kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Garðar Árnason í forföllum Njarðar Sigurðssonar. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði formaður fram dagskrárbreytingartillögu. Við dagskrá bætist liður 1. Atvinnu- og markaðsmál. Dagskrárbreytingartillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Atvinnu- og markaðsmál.

Á fundinn mætti Davíð Samúelsson, atvinnu- og markaðsráðgjafi og kynnti framvindu verkefna.

2. Bréf sem borist hafa frá:

2.1. Nefndasviði Alþingis – Umhverfis og samgöngunefnd frá 22. apríl 2015.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2016.

Lagt fram til kynningar.

2.2. Nefndasviði Alþingis – Allsherjar- og menntamálanefnd frá 22. apríl 2015.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð.

Lagt fram til kynningar.

2.3. Nefndasviði Alþingis – Allsherjar- og menntamálanefnd frá 29. apríl 2015.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um lögræðislög (réttindi fatlaðs fólks, svipting lögræðis o.fl).

Lagt fram til kynningar.

2.4. Nefndasviði Alþingis – Velferðarnefnd frá 30. apríl 2015.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum.

Lagt fram til kynningar.

2.5. Nefndasviði Alþingis – Allsherjar- og menntamálanefnd frá 4. maí 2015.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um þjóðlundur

og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Lagt fram til kynningar.

2.6. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá 28. apríl 2015.

Í bréfinu er tilkynning um endanlega úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum og nýbúafræðslu fjárhagsárið 2015.

Lagt fram til kynningar.

2.7. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 28. apríl 2015.

Í bréfinu eru ábendingar til sveitarfélaga um fasteignaskatt o.fl á mannvirki tengd ferðaþjónustu.

Bæjarráð ítrekar að fasteignir séu rétt skráðar miðað viðraunverulega notkun þeirra og felur skipulags- og byggingafulltrúa að kanna og fylgjast með stöðu og umfangi þessara mála í bæjarfélaginu.

2.8. Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga frá 20. apríl 2015.

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær tilgreini fjóra einstaklinga í samráðshóp um Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019.

Bæjarráð tilnefnir eftirfarandi aðila í samráðshópinn:

Eyþór H. Ólafsson, bæjarfulltrúi

Inga Jónsdóttir, safnstjóri

Kolbrún Bjarnadóttir, gistihúsaeigandi

Þorvaldur Snorrason, garðyrkjumaður.

2.9. Landskerfi bókasafna frá 27. apríl 2015.

Í bréfinu er boðað á aðalfund Landskerfis bókasafna 12. maí kl. 14 að Katrínartúni 2, Reykjavík.

Bæjarráð samþykkir að Hlíf Arndal verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

2.10. Feng ehf ódagsett.

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær komi að fyrirhugaðri framkvæmd við að girða af iðnaðarlóð bréfitara.

Bæjarráð samþykkir að taka þátt í girðingunni enda á bærinn eina af aðliggjandi lóðum. Framlag bæjarins verður allt að 1,5 mkr og verður tekið af liðnum óráðstafað 21-01-9990. Greiðsla verður ekki innt af hendi fyrr en uppsetningu girðingar sem heftir sjónlínu inná lóðina er að fullu lokið.

2.11. Sigurði Ingimarssyni, Fagrahvammi frá 26. apríl 2015.

Í bréfinu er óskað eftir viðræðum við bæjaryfirvöld um hugsanleg kaup bæjarins á landi Fagrahvamms.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ræða við bréfitara.

2.12. **Ási dvalar- og hjúkrunarheimili frá 10. mars 2015.**

Í bréfinu er óskað eftir að fasteignagjöld vegna Bröttuhlíðar 18 verði felld niður árið 2015 þar sem fasteignin verður fljótlega rifin niður.

Bæjarráð samþykkir að fella niður fasteignaskatt af eigninni í samræmi við reglur um niðurrif húsa í bæjarfélaginu.

3. **Starfsmanna málefni:**

3.1. **Minnisblað frá bæjarstjóra – Viðverustjórnun / veikindafjarvistir.**

Í minnisblaðinu er lög fram tillaga að reglum vegna viðverustjórnunar / veikindafjarvista. Ennfremur er lagt til að samið verði við Vinnuvernd ehf um fjarvistaskráningu og þjónustu trúnaðarlæknis. Með samningnum fá starfsmenn einnig aðgang að ráðgjöf hjúkrunarfræðings í gegnum síma alla virka daga þar sem þeir geta fengið svör við spurningum er tengjast heilsufari og líðan.

Bæjarráð samþykkir að gerður verði samningur við Vinnuvernd ehf til eins árs og jafnframt verði samningi við HSU um trúnaðarlæknisþjónustu sagt upp. Tillögurnar sem fram koma í minnisblaði bæjarstjóra að öðru leyti samþykktar.

4. **Tæknileg málefni:**

4.1. **Lóðaumsókn – Smyrlaheiði 56.**

Lögð fram umsókn frá Ólafi Þórarinssyni um lóðina Smyrlaheiði 56.

Bæjarráð samþykkir að úthluta Ólafi Þórarinssyni lóðinni Smyrlaheiði 56 samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun lóða í Hveragerði.

4.2. **Umsókn um rekstrarleyfi fyrir gististað að Dynskólum 10.**

Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Helgu Bergsteinsdóttur til að fá að reka gististað í flokki II að Dynskólum 10.

Erindið var á dagskrá skipulags- og mannvirkjanefndar sem frestaði afgreiðslu þess. Með vísun í þá afgreiðslu frestar bæjarráð afgreiðslu erindisins.

5. **Fjárhagsleg málefni:**

5.1. **Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun – Heimilið Birkimörk.**

Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun vegna veikinda starfsmanna á heimilinu Birkimörk að upphæð kr 1.150.000.-

Bæjarráð samþykkir viðaukann. Upphæðin fari af lið 21-01-9980 óráðstafað vegna veikinda.

5.2. **Minnisblað frá umhverfisfulltrúa – laun í vinnuskóla sumarið 2015.**

Lagt fram minnisblað frá umhverfisstjóra frá 27. apríl vegna launa og vinnutilhögun í vinnuskóla sumarið 2015.

Bæjarráð samþykkir að laun í vinnuskóla verði sem hér segir.

8. bekkur 470.- kr með orlofi.

9. bekkur 560 kr með orlofi.

10. bekkur 700 kr með orlofi.

Vinnutímabil verði 7 vikur eða frá 8. júní til 24. júlí og vinnutími verði frá klukkan 9:30 – 12 og frá 13 – 15:30 alla virka daga.

5.3. **Minnisblað frá skrifstofustjóra – yfirdráttarheimild í Arion banka.**

Samkvæmt nýjum reglum óskar Arion banki nú eftir árlegri staðfestingu bæjarstjórnar á yfirdráttarheimild í bankanum.

Bæjarráð staðfestir heimild til yfirdráttar í samræmi við tillögur skrifstofustjóra.

6. **Lagaleg málefni:**

6.1. **Stefna Aðalbjargar K. Óskarsdóttur gegn Hveragerðisbæ.**

Lögð fram stefna Aðalbjargar K. Óskarsdóttur gegn Hveragerðisbæ vegna skaðabóta og miskabóta vegna ráðningar í deildarstjórastöðu sérkennslu við Grunnskólann í Hveragerði.

Lagt fram til kynningar en lögmenn bæjarins munu fylgja þessu máli eftir hér eftir sem hingað til.

7. **Fundargerðir til kynningar:**

7.1. **Nefnd oddvita og sveitarstjórnarmanna frá 10. apríl 2015.**

Varðandi lið 1 samþykkir bæjarráð að ráðinn verði sálfræðingur í 100% stöðu.

7.2. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 30. apríl 2015.**

7.3. **Sorpstöð Suðurlands frá 20. apríl 2015.**

7.4. **Stjórn þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi frá 8. og 20. apríl 2015.**

7.5. **Héraðsnefnd Árnesinga bs frá 9. – 10. apríl 2015**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:36

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Garðar Árnason, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)